

Smart Blackboard Paint

Smart krítartöflumálning

Með Smart krítartöflumálningunni er hægt að búa til krítartöflu beint á vegg. Málningin myndar mattan svartan flöt og er tilvalin handa þeim sem vilja gera krítartöflu heima, í skólastofu, á veitingastað eða á skrifstofu. Einnig er hægt að nota segulmálninguna frá Smarter Surfaces undir krítartöflumálninguna til skapa segulmagnaða krítartöflu. Nota má venjulega krít, blauta krít og krítarliti á krítarflötinn. Auðvelt er að hreinsa af henni með þurrum eða blautum klút.

Með krítartöflumálningunni er hægt að auka aðstöðu fyrir sköpun, skilvirkni og einbeitingu án þess að festa sig í stöðluðum stærðum af veggöflum eða töflustöndum. Þannig er mögulegt að breyta heilum veggjum í krítartöflu eða bara nákvæmlega þeim svæðum sem hönnun og stærð rýmisins leyfa. Vinsæl lausn í eldhúsum, veitingastöðum, börum og galleríum.

- 5 ára ábyrgð
- Rispuþolin
- Auðvelt í notkun – tvær umferðir
- Tilbúin til notkunar eftir 24 klst
- Lyktarlítill, leysiefnalaus, án isocyanate og lágmarks VOC (rokgjörn lífræn efni)

Tæknilegar upplýsingar

Þekja / Magn / Þyngd – 6 m² / 750ml / 1.15 kg

Litur – Svart (RAL 9004)

Gljái – Matt

VOC – >11 g/l

Grunnur – Notið vatnsþynntan grunn á ómálaða fleti

Viðeigandi fletir – Veggir, skrifborð/fundarborð, húsgögn, gler eða alla slétta ógljúpa fleti

Innihald

1 dós Smart krítartöflumálning (6 m²)

Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, þurr og rykfrír. Mælt er með að þrífa vegginn með fituhreinsi, t.d. Málartvätt frá Nordsjö
- Slípið yfir vegginn með fínnum sandpappír til að reyna að fá flötinn sem sléttastan
- Gler og aðra spegilsléttu eða glansandi fleti skal matta með slípifilti til að tryggja góða viðloðun
- Ef flöturinn er ómálaður skal grunna með vatnþynntum grunni

- Slípið létt yfir grunninn með fínunum pappír
- Berið fyrstu umferð af krítartöflumálningunni á vegginn með rúllu
- Málið seinni umferð þegar fyrri umferð er orðin þurr
- Flöturinn verður tilbúinn til notkunar eftir um 24 klst.
- Fyrir fyrstu notkun er gott að nudda krít yfir alla töfluna og þurrka svo af með þurrum klút